

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

#### *Breyting á deiliskipulagi Lystigarðs Akureyrar.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 24. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lystigarðinn.

Breytingin tekur til Lystigarðsins og felur í sér að núverandi byggingarreitur áhaldahúss er stækkaður, heimilt verður að reisa salernisaðstöðu fyrir gesti og nýjan stíg upp á Þórunnarstræti.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 15. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Breytingin tekur til Lautarmóa 1-5 og felur í sér að heimilt verður að bæta við einni hæð innan byggingarreita nr. 1 og 5. Heimilt verður að flytja byggingarmagn innan byggingarreitanna þriggja auk þess sem heildarbyggingarmagn eykst óverulega eða um 570 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi fyrir Glerá.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 6. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Glerá.

Breytingin tekur til Glerár og felur í sér færslu á fyrirhugaðri göngubrú um 50 metra til suðausturs og aðlögun aðliggjandi stíga. Breytingin er í samræmi við legu stofnstíga, sbr. stígakerfi Akureyrar, deiliskipulag Tryggvabrautar og frumhönnun brúar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi miðbæjar.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 20. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ.

Breytingin tekur til Torfunefsbyggju og felur í sér skiptingu svæðisins í þrjár lóðir; Torfunef 1, 2 og 3. Á Torfunefi 1 er gert ráð fyrir þjónustubyggingu fyrir hafnarstarfsemi ásamt bæjartorgi. Á Torfunefi 2 og 3 er gert ráð fyrir sjö byggingarreitum fyrir verslun og þjónustu. Þá gerir tillagan ráð fyrir nýrri byggju við Oddeyrarbót og tilfærslu á aðkomu að svæðinu til suðurs ásamt breytingu á beygjuakreinum á gatnamótum Glerárgötu og Kaupvangsstrætis.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 23. maí 2024,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 6. júní 2024